

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir,
land- og jarðfræðingur
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. ágúst 2014
Tilvísun: UST20140800009/bs

Umsókn um viðbætur við leyfi til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni í Öfundarfirði og Ísafjarðardjúpi, að meðtöldum Jökulfjörðum. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 2. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um viðbætur við leyfi til leitar og rannsókna. Hér er um að ræða viðbót við áður útgefið leyfi til leitar og rannsókna í Öfundarfirði og Ísafjarðardjúpi. Þau svæði sem ráðgert er að bæta við fyrrnefnd rannsóknasvæði eru í mynni Hrafnfjarðar og Leirufjarðar í Jökulfjörðum.


Í þeim rannsóknum sem hér um ræðir felst leit að kalkþörungaseti, kortlagning hafsbotnsins og sýnataka með kjarnabor. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar rannsóknir enda telur stofnunin að rannsóknirnar sjálfar muni ekki hafa teljandi neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.


Umhverfisstofnun vill hins vegar benda á að fyrirhugað rannsóknasvæði í Jökulfjörðum sem og áður skilgreint rannsóknasvæði við Snæfjallaströnd eru innan svæðis sem lagt var til að yrði friðlýst í Náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Svæðinu er þar lýst á eftirfarandi hátt: *Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, grónum dölum og hlíðum. Ýmsar berggerðir, jökull, jökulgarðar, surtarbrandur, leirur, óshólmar, fjörur, eyjar og grunnsævi....Æðey er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og eru teista, æður, lundi og kría algengir varpfuglar. Í Æðey er eitt stærsta æðarvarp á landinu.*

Umhverfisstofnun telur að ef umræddar rannsóknir leiða í ljós að efnistaka kísilþörungna verði möguleg ætti að gæta þess vandlega að efnistakan skaði ekki náttúruverndargildi svæðisins.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur